

Menningarsamningur við Austurland



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Soffía Lárusdóttir formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi undirrita samninginn.

Undirritaður var [samningur](#) á Breiðdalsvík þann 15. mars sl. um samstarf ríkis og allra 13 sveitarfélaganna á Austurlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Þorgerður Katrín

Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undirritaði samninginn f.h. ríkisins, en Soffía Lárusdóttir formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi undirritaði samninginn fyrir hönd sveitarfélaganna. Er þetta í annað sinn sem gengið er til slíks samnings.

Ávinningur fyrri samnings er ótvíræður fyrir landsfjórðunginn og samfélagið í heild og ríkir mikil ánægja með samstarfið. Þær fjárveitingar sem til þessa samstarfs hafa runnið á undanförunum árum hafa gert það að verkum að ný atvinnutækifæri hafa skapast í landsfjórðungnum, sum sveitarfélög hafa ráðið til sín

menningarfulltrúa og þá hefur Listahátíð í Reykjavík valið sveitarfélög á Austurlandi til samstarfs.

Gildistími hins nýja samnings er til ársloka 2007 og er tilgangur hans sem fyrr að efla menningarstarf á Austurlandi og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaganna við slíkt starf í einn farveg. Framlög ríkisins til samningsins verða 36 m.kr. á árinu 2005, 37 m.kr. árið 2006 og 38 m.kr. árið 2007.

Samninginn er að finna á vef menntamálaráðuneytis og á vefjum Sambands sveitarfélaga í Austurlandi [ssa.is](#) og [skriduklaustur.is/menning](#).

Stofnun Háskólaseturs Vestfjarða

Háskólasetur Vestfjarða var formlega stofnað laugardaginn 12. mars sl. Þrjátíu og fimm aðilar hafa nú þegar gerst stofnaðilar að setrinu þar á meðal allir háskólar landsins, [Hafrannsóknastofnun](#), [Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins](#), [Veðurstofa Íslands](#), sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki á Vestfjörðum.

Stofnfundurinn var haldinn við hátíðlega athöfn í framtíðarhúsnæði setursins í Vestrahúsinu á Ísafirði.

Ávörp fluttu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Ármann Kr. Ólafsson fyrir hönd sjávarútvegsráðherra, og Dóra Hlín Gísladóttir framkvæmdastjóri rannsóknastofnunar Agars á Ísafirði. Að stofnfundi loknum var haldinn



Stofnfundurinn var haldinn við hátíðlega athöfn í framtíðarhúsnæði setursins í Vestrahúsinu á Ísafirði.

fulltrúaráðsfundur þar sem saman komu allir þeir aðilar sem að Háskólasetrinu standa. Á þeim fundi var stjórn hins nýstofnaða seturs kjörin. Í stjórn voru kjörin: Halldór Halldórsson, bæjarstjóri [Ísafjarðarbæjar](#), Kristján G. Jóakimsson, vinnslu- og markaðsstjóri, Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar og Soffía Vagnsdóttir, tónmenntakennari. Síðar verður gengið frá kjöri fimmta stjórnarmannsins en sá situr fyrir hönd háskólanna í landinu.

Málþing um fljótandi skil leik- og grunnskóla

Málþing um fljótandi skil leik- og grunnskóla verður haldið föstudaginn 1. apríl nk. frá kl. 13.00-17.00 í [Kennaraháskóla Íslands](#). Skriðu.

Markmiðið með málþinginu er að varpa ljósi á ýmis fagleg sjónarmið er varða einkum elstu börn í leikskóla og yngstu börn í grunnskóla og ræða hvernig ná megi meiri samfelli milli þessara skólastiga með hagsmuni nemendanna að leiðarljósi.

Menntamálaráðuneyti heldur málþingið í samvinnu við [Samband íslenskra sveitarfélaga](#), [Félag leikskólakennara](#), [Félag grunnskólakennara](#), [Eflingu - stéttarfélag](#), [Skólalærafélag Íslands](#) og [Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands](#).

Ný útkomin rit

Menntamálaráðuneyti hefur gefið út eftirfarandi rit [Nám að loknum grunnskóla](#), [Áræði til ábyrgðar](#) og [Menntun kennara í stærðfræði og náttúrufræðigreinum í grunn- og framhaldsskólum 2003 - 2004 : samantekt úr upplýsingaöflun menntamálaráðuneytisins](#). Hægt er að nálgast ritin á rafrænu formi á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#)

Nánari upplýsingar um málþingið og dagskrá er aðgengileg á vef menntamálaráðuneytis, [www.menntamalaraduneyti.is](#) og [www.menntagatt.is](#). Skráning fer fram á heimasíðu Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands, [rannsokn.khi.is](#) og skal hafa borist í síðasta lagi miðvikudaginn 30. mars nk. Ráðstefnan er öllum opin og þátttakendum að kostnaðarlausu.

